

Það eru margar leiðir til að fá hugmyndir sem geta gagnast hverfinu, bænum eða borginni sem þú býrð í. Hér eru nokkrar:

Varan eða þjónustan er ekki til á þínu svæði

1. Er verið að gera eitthvað á öðrum stöðum sem ekki er gert á þínu svæði? Skoðaðu til dæmis heimasíður fyrirtækja til að fá hugmyndir.

- a. Væri hægt að bjóða upp á þetta á þínu svæði?

Ert þú kannski með hugmynd sem enginn annar hefur fengið?

Sérstaða

1. Líttu í kringum þig, talaðu við fjölskyldu þína, kennara og aðra sem þekkja bæinn/nágrennið vel.
 - a. Er eitthvað sem er til staðar í bænum eða náttúrunni í kring sem er alveg sérstakt og erfitt eða ómögulegt að fá annars staðar?
 - i. Merkileg saga? Merkileg náttúra? Merkilegar byggingar? Merkilegar vörur, söfn, vinnustofur listamanna o.s.v.frv.?

Endurbætur

1. Líttu í kringum þig, talaðu við fólk, kennara og aðra sem þekkja bæinn/nágrennið vel.
 - a. Er eitthvað á svæðinu þínu, eins og framleiðsla á einhverju eða einhvers konar þjónusta, sem er hægt að bæta?
 - i. Er hægt að gera hana umhverfisvænni?
 - ii. Er hægt að tengja eitthvað tvennt ólíkt saman og bjóða þannig upp á fjölbreyttari vörur/þjónustu?

Ónýtt verðmæti

1. Líttu í kringum þig, talaðu við fjölskyldu þína, kennara og aðra sem þekkja bæinn/nágrennið vel.
 - a. Er eitthvað hús sem stendur tómt sem hægt væri að nýta í einhverja starfsemi?
 - b. Eru einhverjir afgangar, t.d. í verslunum eða verksmiðjum, sem hægt væri að nýta til að búa til eitthvað annað?
 - c. Eru hlutir í náttúrunni sem hægt væri að nýta til að búa til hluti sem ferðamenn gætu haft áhuga á?

Það má nota ýmsar aðrar leiðir til að fá hugmyndir. Þú getur til dæmis skoðað [Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og nærsamfélagið](#) og reynt að finna lausnir á vandamálum sem þú kemur auga á þar.

Til að fá nýjar hugmyndir er mikilvægt að vera forvitinn, spyrja spurninga, láta ímyndunaraflið ráða för og hafa trú á sjálfum sér.